

32. mál Framlagning siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

Forseti: Þá er það 33. ... fyrirgefið þið, 32. ... það hefur bæst hérna við, skrifari, það er eins og það hafi, sjáðu. Þá er það framlagning siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Við höfum það þannig að við leggjum þær fram hér og borgarfulltrúar eru beðnir um að undirrita þær og við gerum það í lok fundarins og það skoðast samþykkt að gera það með þeim hætti ef enginn hreyfir andmælum. Það gerir það enginn, þannig að ég bið borgarfulltrúa um að fara ekki af fundinum fyrr en undirritun þeirra reglna hefur átt sér stað.